

SKIMUN FYRIR BRJÓSTAKRABBAMEINI



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Boð um skimun

Árlega greinast að meðaltali 235 íslenskar konur með brjóstakrabbamein og eru þær í flestum tilvikum eldri en 50 ára. Þú ert á aldrinum 40-74 ára ára og færð þar af leiðandi boð í skimun fyrir brjóstakrabbameini.

Í þessum bæklingi getur þú kynnt þér betur skimunina, til að fá yfirsýn yfir hvort þú hefur áhuga á að taka boðinu.

Heilbrigðisyfirvöld mæla með skimuninni á grundvelli heildarmats á gagnlegum og skaðlegum áhrifum. Hins vegar er mikilvægt að þú gerir sjálf upp hug þinn.

Sjálfskoðun brjósta er einnig mikilvæg forvörn. Konur sem skoða brjóst sín reglulega finna ef eitthvað er öðruvísi en það er vant að vera. Finnist hnútur við sjálfskoðun er rétt að leita strax til læknis.

Leitaðu ráða hjá lækni varðandi þetta boð í skimun ef þú ert þegar í meðferð eða meðhöndlun fyrir brjóstasjúkdómi.

Ef þú ert í vafa um hvenær þú forst síðast í skimun getur þú leitað að upplýsingum um það á www.heilsuvera.is (skoðað rafrænu sjúkraskýrsluna þína) eða fengið upplýsingar á heilsugæslunni þinni.

Hvað er skimun?

Brjóstaskimun er rannsókn á einkennalausum konum.

Markmið skimunar er að greina sjúkdóminn á byrjunarstigi, bjóða betri meðferðarvalkosti og koma í veg fyrir að konur látist úr brjóstakrabbameini.

Skimun er ekki heildstæð rannsókn á brjóstakrabbameini og jafnvel þótt þú farir í skimun getur þú verið með eða fengið brjóstakrabbamein. Þar af leiðandi skaltu ávallt leita til læknis ef þú færð einkenni.

Frekari upplýsingar um hvernig þú pantar tíma í skoðun er að finna á síðunni

<https://www.heilsugaeslan.is/serthjonusta/samhaefingarstod-krabbameinsskimana/>.

Þú getur afboðað þátttöku þína ef þú vilt hvorki fá upplýsingar né skimun. Þó að þú hættir við hefurðu samt tækifæri á að koma í skimun og fá meðferð þegar þú óskar eftir eða þegar þú hefur þörf fyrir slíkt.

Hvaða rök eru með skimun?

- **Lægri dánartíðni vegna brjóstakrabbameins:** Einfeldari meðferð er í boði þegar krabbamein uppgötvast snemma. Þegar þú gengst undir skimun dregur þú um leið úr hættunni á að deyja úr brjóstakrabbameini.
- **Einfeldari meðferð:** Þegar krabbameinið greinist snemma eru auknar líkur á að þú getir gengist undir einfeldari brjóstaaðgerð (t.d. fleygskurð) og komist hjá eitlanámi í handarkrika.
- **Minni hætta á þörf á lyfjameðferð:** Um leið er minni hætta á því að þú þurfir að fara í lyfjameðferð eftir aðgerð, ef meinið greinist snemma.

Hvaða rök eru gegn skimun?

- **Falskt jákvæð skimun:** Ef skimunarmyndirnar vekja grun um brjóstakrabbamein, ertu boðuð í frekari skoðun. Þó er ekki víst að þú sért með brjóstakrabbamein. Ástæðan getur verið góðkynja breytingar í brjóstum eða þéttur brjóstvefur. Þetta kallast falskt jákvæðar niðurstöður, sem geta valdið mikilli vanlíðan og kvíða meðan beðið er eftir niðurstöðum.
- **Ofmeðhöndlun:** Við skimun gæti sést fyrirferð í brjósti, sem ella hefði ekki haft áhrif á líf þitt. Þegar þú tekur þátt í skimuninni er því hætta á að þú fái ónauðsynlega meðferð, sem gæti haft skaðleg áhrif.
- **Kvíði:** Biðin eftir svari getur valdið hræðslu og kvíða. Ráðfærðu þig við hjúkrunarfræðing ef þú finnur fyrir kvíða.
- **Fölsk öryggiskennd:** Þrátt fyrir að enginn grunur leiki á brjóstakrabbameini eftir skimunina, kanntu að vera með, eða geta fengið brjóstakrabbamein. Skimunarmyndin getur verið það sem kallast falskt neikvæð, þ.e ekki greint mein sem er til staðar. Því er mikilvægt að stunda reglulega sjálfsskoðun á brjóstum.
- **Óþægindi:** Sumar konur finna fyrir óþægindum og sársauka við skimunina vegna þess að brjóstið er klemmt alveg saman við skoðunina.

Svona gengur skimunin fyrir sig

Skimunin er röntgenmyndataka af báðum brjóstum (brjóstamyndataka). Geislafræðingar framkvæma rannsóknina en röntgenlæknar skoða myndirnar þínar. Ef enginn grunur er um brjóstakrabbamein eftir skimunina færðu boð um nýjan tíma í skimun eftir 2 ár.

Ef grunur er hins vegar um brjóstakrabbamein eftir skimunina færðu boð um frekari skoðun (klíníska brjóstamyndatöku).

Ef þú ert með brjóstapúða er oftast ekkert mál að framkvæma brjóstaskimun, þó getur það farið eftir hvar púðinn liggur, fyrir framan eða aftan brjóstvöðvann.



Frekari skoðun

Ef grunur leikur á að um krabbamein sé að ræða að skimun lokinni færðu boð um frekari skoðun (klínískra brjóstamyndatöku) innan 14 daga. Læknir framkvæmir slíka skoðun, yfirleitt með ómskoðun. Hugsanlega er þörf á að taka fleiri röntgenmyndir til viðbótar og gera ástungu eða taka vefjasýni.

Ef þú afþakkar klínísku brjóstamyndatökuna færðu samt sem áður boð í nýja brjóstaskimun eftir 2 ár.

TVÆR MÖGULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÚR FREKARI SKOÐUN (KLÍNÍSKRI BRJÓSTAMYNDATÖKU)

- **Engin merki eru um krabbamein:** Ekkert óeðlilegt kom í ljós í brjóstum þínum. Ástæðan fyrir slíkum grun kann að vera vegna góðkynja breytinga eða brjóstavefs sem er þéttur í sér. Þú færð aftur boð í skimun eftir 2 ár
- **Þú ert með krabbamein:** Ef brjóstakrabbamein kemur í ljós verður þér vísað á lækna Landspítalans til frekari meðferðar.

PUNGAÐAR KONUR/KONUR MEÐ BARN Á BRJÓSTI

- Ekki er mælt með brjóstaskimun hjá einkennalausum konum á meðgöngu og ekki fyrr en þremur mánuðum eftir að brjóstagjöf lýkur.

Tölfræði skimunar

Tölfræði um brjóstakrabbamein 2015-2019

- Að meðaltali greinast um 235 konur með brjóstakrabbamein hér á landi.
- Meðalaldur við greiningu er 62 ár.
- Árlega deyja að meðaltali um 50 konur á ári.

Hvar panta ég tíma í brjóstaskimun?

Samhæfingarstöð krabbameinsskimana sér um að boða konur í skimun og þar er einnig hægt að panta tíma í skoðun.

Tímapantanir eru í síma 513-6700 milli kl. 8:30 og 12:00 alla virka daga.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is.

Allar niðurstöður úr skimunum fara inn á [Island.is](https://island.is)/Mínar síður. Stefnt er að því að þær fari einnig inn á [Heilsuvera.is](https://heilsuvera.is)/Mínar síður.

Hvar fer skimunin fram?

Á Reykjavíkursvæðinu fer skimunin fram í Brjóstamiðstöðinni, Eiríksgötu 5, 3 hæð.

Sjúkrahúsið á Akureyri sér um framkvæmd brjóstaskimana á Norðurlandi.

SPURNINGAR OG UPPLÝSINGAR

Ef þú hefur spurningar varðandi brjóstaskimanir getur þú spurt þinn lækni eða haft samband við neðangreindar vefsíður:

www.heilsuvera.is • Heilsugæslan og embætti landlæknis.

www.heilsugaeslan.is • Samhæfingarstöð krabbameinsskimana

www.krabb.is • Krabbameinsfélagið